

1 sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur til vöru, sem seld er 30. jan. úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага.

Aksturstaxtar vörubifreiða og fólksbifreiða skulu þegar eftir gildistöku þessara laga lækka til samræmis við þá lækkun kostnaðar annars en bifreiðastjóra-launa í taxtagrundvelli, sem leiðir af ákvæðum þessara laga. Sama skal gilda um alla aðra taxa og gjöld, sem fylgt hafa breytingum tilkostnaðar samkvæmt þeim taxtagrundvelli, sem í gildi hefur verið á hverjum tíma.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laga þessara setja nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæða 1. og 2. málgr. þessarar gr.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til lækkunar á vöruverði í heildsölu og smásölu til samræmis við þá lækkun dreifingarkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum þessara laga, svo og svarandi til þess, að hagnaður verzlana lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvisitölunnar. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu innanlands.

11. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum allt að 100 000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 55. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., falla úr gildi 31. janúar 1959.

Gjört að Bessastöðum, 30. janúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

2

30. jan.

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, skal gilda til 1. apríl 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 30. janúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.